Bæjarskipulag Kópavogs
Fannborg 4
200 Kópavogur

Kópavogi 19. ágúst 2007

Undirritaður mótmælir tillögum um fyrirhugaðar byggingar á lóðunum Arnarsmára 32 og 36 sem fram hafa komið og hvetur til þess að það skipulag sem nú er í gildi á svæðinu verði látið halda sér.

Miðað við þær hugmyndir sem hafa komið fram um byggingar á hæðinni munu aðstæður okkar íbúa á svæðinu versna til muna ef af breytingum verður.

Ljóst er að umferð mun stóraukast í hverfinu með tilheyrandi mengun og slysahættu. Enn fremur mun skuggavarp frá fyrirhugaðri byggð ná yfir núverandi byggð með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum íbúa.

Bent er á að íbúar á Nónhæð byggðu eða keyptu sínar fasteignir miðað við það skipulag sem í gildi er. Ljóst er að byggð sem tillaga er uppi um að komi á topp Nónhæðar mun rýra eignir núverandi íbúa. Er það furðulegt ef Bæjarstjórn ræðst þannig gegn hagsmunum íbúa á Nónhæð.

Virðingarfyllst

Pétur Hrafn Sigurðsson
Fitjasmára 1, 201 Kópavogur
Kt. 240261-4569